

## Hrönn Jónsdóttir

---

**From:** Jóhannes Símonarson <johannes@utu.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 17. ágúst 2022 12:12  
**To:** Valtýr Valtýsson; Hulda Kristjánsdóttir; sveitarstjóri@gogg.is; asta@blaskogabyggd.is; aldis@fludir.is; Haraldur Þór Jónsson  
**Cc:** Davíð Sigurðsson; Vigfús Þór Hróbjartsson  
**Subject:** UTU bs. - nokkur atriði

Ágætu sveitarstjórar,

Nú þegar allir nýir sveitarstjórar í aðildarsveitarfélögum UTU bs. eru komnir til starfa langar mig að bjóða nýja sveitarstjóra velkomna og fara yfir nokkur atriði með ykkur sem að okkur snýr.

### Um UTU bs.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU bs.), er byggðasamlag sex sveitarfélaga, þ.e. Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Skrifstofa embættisins er að Dalbraut 12 á Laugarvatni.

Byggðasamlagið er stofnað á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samstarf sveitarfélaga um afmörkuð verkefni. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. telst því vera opinber stofnun á sveitarstjórnarstigi og hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Um byggðasamlagið gilda eftirfarandi [sambykktir](#)

Hjá UTU bs. starfa 10 starfsmenn í fullu starfi. Fjórir starfsmenn eru á byggingarsviðinu, þ.e. Davíð byggingarfulltrúi, 2 aðstoðarmenn byggingarfulltrúa og ritari byggingarfulltrúa. Á skipulagssviðinu eru jafnframt fjórir starfsmenn, Vigfús skipulagsfulltrúi með einn aðstoðarmann og tvo ritara. Annar þessara ritara er nú í fæðingarorlofi til 12 mánaða en ráðið var í hans stað til sama tíma. Hinn ritarinn hefur sagt upp störfum og við erum nú að auglýsa eftir nýjum í hans stað með umsóknarfresti til og með 22. ágúst n.k. Ég undirritaður og Guðmar móttökuritari störfum síðan þvert á þessi svið.

Við leggjum metnað okkar í góða heimasíðu á slóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) þar sem fá má ýmsan fróðleik um skipulags- og byggingarmál og hvernig umsækjendur eiga að snúa sér varðandi umsóknir til okkar. Einnig vil ég vekja sérstaka athygli ykkar á liðnum „Algengar spurningar“ þar sem við svörum algengustu spurningunum sem til okkar er beint, annars vegar þær sem lagðar eru fyrir byggingarfulltrúa og hins vegar fyrir skipulagsfulltrúa. Metnaður okkar liggur líka í að innleiða stafræna tækni í okkar störf og við höfum á undanförunum misserum stigið stór skref fram á við í þessum efnum, s.s. Þjónustugátt UTU bs. þar sem allar umsóknir til okkar fara nú í gegn, rafrænar undirritanir á teikningum til byggingarfulltrúa og nú síðast upptaka á pósthólfinu á island.is. Við tökum gjarnan við ábendingum frá ykkur um hvað betur megi fara í upplýsingagjöf á heimasíðunni ef ykkur dettur eitthvað sniðugt í hug. Nánar um praktísk atriði s.s. símatíma og fleira slíkt má finna á forsiðu heimasíðunnar.

### Fundargerðir frá UTU bs.

UTU bs. sendir til ykkar fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa, fundargerðir skipulagsnefndar og stjórnarfundargerðir UTU bs.

Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa eru sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til kynningar en ekki til formlegrar afgreiðslu. Byggingarfulltrúi hefur ekki lengur yfir sér pólitíska byggingarnefnd heldur er hlutverk hans að gæta þess að byggingarframkvæmdir séu í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulag viðkomandi svæðis sem sveitarstjórn hefur staðfest. Ef fyrirhuguð framkvæmd er ekki innan skipulags vísar byggingarfulltrúi málinu yfir til skipulagsnefndar sem tekur þá málið til afgreiðslu á sínum fundum og kemur með ráðgefandi álit til sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélags. Sveitarstjórn á síðan lokaorðið í því hvað gert er í slíkum málum. Einu undantekningarnar frá þessari reglu eru tíundaðar í [Sambykktum Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.](#) – þar sem segir í 3. grein í VIÐAUKA 1 að byggingarfulltrúa sé falið að taka ákvörðun um að grenndarkynna mál í ákveðnum málstílvikum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Þau ákveðnu málsatvik eru síðan tíunduð í viðaukanum en það á einkum við viðbyggingar ýmiskonar og lítið hús (að hámarki 40 ferm.) á lóð þar sem þegar sé til staðar íbúðar- eða frístundahúsnæði. Með öðrum orðum getur byggingarfulltrúi tekið ákvörðun um að

senda slík mál beint í grenndarkynningu ef hann metur þau minniháttar og hagsmunaaðila fáa. Ákvarðanir um slíkt eru teknar á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa og bókaðar í fundargerð. Með þessu móti er hægt að flýta afgreiðsluhraða slíkra minniháttar mála um nokkrar vikur. Ef engar athugasemdir berast við grenndarkynningu er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarheimild/byggingarleyfi en ef einhverjar athugasemdir berast fer málið til skipulagsnefndar til umfjöllunar og þaðan til sveitarstjórnar.

Fundargerðir skipulagsnefndar eru alltaf sendar til aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu. Skipulagsnefnd hefur ekki heimild til fullnaðarafgreiðslu mála og er aðeins ráðgefandi aðili gagnvart sveitarstjórn. Sveitarstjórn hefur þannig alltaf lokaorðið hvað varðar skipulagsmál. Verklagið hjá okkur er þannig að eftir að skipulagsnefnd hefur fjallað um málið er umsækjandi upplýstur um bókun skipulagsnefndar með sérstöku afgreiðslubrési en þar er jafnframt tiltekið að ef sveitarstjórn breytir bókun og álitum skipulagsnefndar muni annað afgreiðslubríf verða sent umsækjanda. Mikilvægt er að bókanir sveitarstjórnar séu skýrar og taki af allan vafa um hvort sveitarstjórn sé að staðfesta bókun skipulagsnefndar og tillögu um málsmeðferð eða breytir út frá henni með einhverjum hætti. Í þeim tilvikum sem ætlunin er að staðfesta bókun skipulagsnefndarinnar hefur okkur fundist best ef bókun sveitarstjórnarinnar sé orðuð nákvæmlega eins og bókun skipulagsnefndarinnar en sé ekki umorðuð á neinn hátt. Jafnvel mætti taka fram að „Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulagsnefndar... Venjan er sú að sveitarstjórar (eða starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins) sendi fundargerð sveitarstjórnar – eða þann kafla sem fjallar um fundargerð skipulagsnefndar – til okkar að afloknum sveitarstjórnarfundum. Mikilvægt er að það gerist sem fyrst eftir að fundi lýkur til að við getum tryggt málskraða allra mála sem best. Vinsamlegast sendið fundargerðir sveitarstjórnar eftirleiðis á nýja hópnetfangið okkar; [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is) en ekki á einstaka starfsmenn UTU bs. Það ætti að tryggja að það sé alltaf einhver sem móttaki fundargerðirnar þó einstaka starfsmaður sé í fríi eða veikur.

Sveitarfélögin sem standa að UTU bs. hafa sameiginlega skipulagsnefnd sem skipuð er einum fulltrúa sem aðalman og einn til vara frá hverju sveitarfélagi.

#### **Skipulagsnefnd UTU kjörtímabilið 2022 – 2026 er eftirfarandi:**

##### **Fyrir Ásahrepp:**

Nanna Jónsdóttir – varamaður er Ísleifur Jónasson

##### **Fyrir Flóahrepp:**

Walter Fannar Kristjánsson – varamaður er Árni Eiríksson

##### **Fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp:**

Björn Kristinn Pálmarsson, varamaður er Smári Bergmann Kolbeinsson

##### **Fyrir Bláskógabyggð:**

Helgi Kjartansson, varamaður er Guðrún S. Magnúsdóttir

##### **Fyrir Hrunamannahrepp:**

Jón Bjarnason, varamaður er Herbert Hauksson

##### **Fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp:**

Haraldur Þór Jónsson, varamaður er Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Fundargerðir stjórnar UTU bs. eru sendar til aðildarsveitarfélaganna að afloknum slíkum fundum. Stjórnarfundir UTU bs. eru nokkuð óreglulegir, oftast á bilinu 6 – 10 sinnum á ári eftir atvikum. Þessar fundargerðir eru ýmist til kynningar eða til afgreiðslu en ég hef þá vakið sérstaka athygli ykkar á þeim málum sem þarfnast afgreiðslu í viðkomandi fundargerð.

#### **Kynning á UTU bs. fyrir nýjum sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna**


Nú á haustmánuðum (sept – okt) hefðum við áhuga á að heimsækja nýjar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna. Við myndum þá koma þrjú félagarnir, þ.e. ég sjálfur, Davíð byggingarfulltrúi og Vigfús skipulagsfulltrúi, inn á reglulegan sveitarstjórnarfund hjá ykkur og fara yfir stutta kynningu á starfsemi UTU bs. og gefa sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórum tækifæri á að spyrja okkur út úr. Við félagarnir fórum í slíkar heimsóknir á haustmánuðum 2020 og okkur þótti það takast ljómandi vel. Það er okkur mikilvægt að vera í góðu sambandi við sveitarstjóra og sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna til að tryggja gott samstarf og traust. Við störfum í ykkar umboði og traust ykkar á okkar störfum er okkur mikilvægt.

Ég sé fyrir mér að 30 – 40 mínútur af ykkar fundartíma ætti að vera nægilegt. Þið megið gjarnan senda mér upplýsingar um hvenær það myndi henta ykkur að fá slíka heimsókn.

Með von um frábært samstarf,  
Virðingafyllst,



Jóhannes Hr. Símonarson  
Framkvæmdastjóri



Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Sími: 480-5550

Veffang: [www.utu.is](http://www.utu.is)

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](https://www.postholfinu.binu.island.is) (mínar síður)

[Náðu þér í island.is – appið](https://www.postholfinu.binu.island.is)